

## Almennir sölu- og afhendingarskilmálar BAUHAUS vegna afhendingar á vörum og byggingarefni til viðskiptavina fyrirtækjaþjónustu og einstaklinga (gilda frá 1.12.2019).

### 1. Almenn

1.1. Þessir sölu- og afhendingarskilmálar taka til allra vara BAUHAUS og allra söluleiða BAUHAUS, nú sem síðar (á netinu eða í verslun) og gilda um öll tilboð, pantanir, staðfestingar pantana og afhendingu, svo fremi sem skriflegur samningur um annað liggur ekki fyrir milli aðilanna.

1.2. BAUHAUS kallast í skilmálunum „BAUHAUS“ og sá viðskiptavinur sem á milliliðalaus viðskipti við BAUHAUS kallast „kaupandi“. BAUHAUS og kaupandinn kallast sameiginlega „aðilar“ eða „aðilarnir“.

1.3. BAUHAUS annast endursölu í eigin nafni og á eigin reikningi á vörum sem keyptar eru inn frá framleiðendum, sölufyrirtækjum, birgjum og innflytjendum sem kallast einu nafni „birgi“, „birginn“ eða „birgjar“.

1.4. Vörur sem eru ætlaðar til varanlegrar notkunar í byggingarverkefni kallast „byggingarefni“.

1.5. Byggingarefni og vörur kallast einu nafni „vara“, „vörur“ eða „varan“.

1.6. Sala fyrir endursölu  
BAUHAUS áskilur sér á hverjum tíma rétt til að neita að selja vöru sem ætluð er til endursölu, óháð auglýsingum, merkingum og skiltum, lagerstöðu o.fl.

1.7. Sala með magntakmörkunum  
BAUHAUS áskilur sér rétt til að setja takmarkanir á sölumagn tiltekinna vara, óháð auglýsingum, merkingum og skiltum, lagerstöðu o.fl.

### 2. Tilboð / staðfesting pantana

2.1. Öll tilboð sem BAUHAUS leggur fram eru með fyrirvara um rétt til ráðstöfunar vöru þar til tilboð er samþykkt og með fyrirvara um lagerstöðu.

2.2. Tilboð frá BAUHAUS gilda í 30 daga að hámarki, nema aðilar hafi gert með sér skriflegan samning um annað. Endanlegt samkomulag um afhendingu liggur þá fyrst fyrir þegar kaupandi hefur fengið í hendur skriflega staðfestingu pöntunar frá BAUHAUS. Aðeins slík staðfesting telst bindandi.

2.3. Kaupanda er bent á að fylgja öllum notkunarleiðbeiningum, vörulistum og bæklingum sem kunna að fylgja vörunni og leita sjálfur frekari nauðsynlegra upplýsinga um notkunarvið vörunnar sem og rétta notkun varanna sem keyptar eru.

2.4. BAUHAUS tekur enga ábyrgð á efni frá birgjum BAUHAUS. Þetta á við um efni vörulista, bæklinga, öryggisblaða og annarra upplýsinga, hvort sem er í prentuðu máli, tölvupósti eða efni á vefsvæðum. Hið sama á við um sýnishorn af hvaða tagi sem er, sem aðeins skal líta á sem leiðbeinandi upplýsingar.

2.5. BAUHAUS tekur enga ábyrgð á leiðbeiningum, munnlegum eða skriflegum, eða mælingum, útreikningum o.þ.h. sem starfsmaður kann að veita án endurgjalds í tengslum við kaup á vörum frá BAUHAUS.

### 3. Verð

3.1. Verð er gefið upp í gildandi verðlista BAUHAUS á hverjum tíma eða í staðfestingu á pöntun sem send er til kaupanda. Afhending fer fram á lager BAUHAUS eða frá vinnslustöð, nema skriflegur samningur um annað hafi verið gerður. Allt verð er gefið upp án sendingarkostnaðar, umbúðakostnaðar, virðisaukaskatts og annars kostnaðar sem og án hugsanlegra þjónustugjalda.

3.2. BAUHAUS hefur á hverjum tíma rétt á að gera, án fyrirvara, breytingar á verði í verðlistum og tilboðum, nema skriflegur samningur um annað liggir fyrir.

### 4. Fyrirvari um eignarhald

4.1. BAUHAUS áskilur sér eignarrétt á seldum vörum, óháð því hvort afhending hefur farið fram, þar til allt kaupverðið og vextir og/eða þjónustugjöld sem kunna að vera lögð á hafa verið greidd að fullu.

### 5. Greiðsla og öryggi

5.1. Ef kaupandi er með reikning hjá BAUHAUS kemur kaupverðið til greiðslu í samræmi við gildandi skilmála BAUHAUS um reikningsviðskipti. Kaupverð kemur til greiðslu, óháð því hvort aðstæður kaupanda leyfa að hægt sé að afhenda vöruna.

5.2. Ef kaupandi er ekki með reikning hjá BAUHAUS skal greiða kaupverðið í reiðufé á umsömdum greiðsludegi samkvæmt staðfestingu pöntunar, óháð því hvort aðstæður kaupanda leyfa að afhending fari fram með umsömdum hætti.

5.3. Ef greiðsla kaupanda berst ekki á réttum tíma og/eða forsendur fyrir umsömdum greiðslufresti breytast umtalsvert áskilur BAUHAUS sér rétt til að stöðva frekari afhendingu vöru til kaupandans, óháð því hvort slík afhending tengist innbyrðis fyrri afhendingum.

5.4. BAUHAUS hefur á hverjum tíma, í tengslum við eða eftir gerð samningsins, rétt á að krefja kaupanda um fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs, sendingarkostnaðar, vaxta og annars kostnaðar á umsömdum tíma.

### 6. Ógilding og breytingar á pöntunum – sérpantanir

6.1. Ef pöntunin varðar vörur sem þarf að sérpanta eða vörur sem eru framleiddar samkvæmt pöntun er aðeins hægt að breyta pöntuninni eða ógilda hana að fengnu samþykki birgjans.

6.2. Fari svo að BAUHAUS þurfi að taka á sig viðbótarkostnað í tengslum við breytingu eða ógildinguna er kaupandi skyldugur til að greiða þann kostnað sem tengist breytingunni eða ógildingunni, þar með talið kostnað við geymslu og eftirlit með gæðum og eiginleikum, sem og umsýslu, sem leiða kann af frestun á afhendingartímanum.

## Almennir sölu- og afhendingarskilmálar BAUHAUS vegna afhendingar á vörum og byggingarefni til viðskiptavina fyrirtækjaþjónustu og einstaklinga (gilda frá 1.12.2019).

### 7. Skilavara og umbúðir sem má skila/endursenda – lagervara

7.1. BAUHAUS hefur að grundvallarreglu að veita ótakmarkaðan skilarétt á öllum vörum af lager. Ef um er að ræða vörur með takmarkað geymsluþol takmarkast skilarétturinn þó við fjórar vikur eftir dagsetningu kaupanna. Vörunar verða að vera í upprunalegum umbúðum og sama ásigkomulagi og þær voru afhentar í.

7.2. BAUHAUS eignfærir á reikning viðskiptavinar umbúðir (bretti) sem er skilað heilum og óskemmdum innan þriggja mánaða frá því að varan var afhent hjá BAUHAUS. Eignfærslan er gerð með þeim afslætti sem gildir á hverjum tíma og sem ákveðinn er af birgjunum.

### 8. Réttur til kvartana og ábyrgð birgja

8.1. BAUHAUS býður tveggja ára ábyrgð á öllum vörum af lager sem ekki eru ætlaðar til innbyggingar.

8.2. Kaupandi samþykkir að kröfur sem varða ábyrgð birgja, í tengslum við tiltekna vöru, sé aðeins hægt að leggja fram beint til birgja, enda muni BAUHAUS aðeins miðla upplýsingum um þær ábyrgðir birgja sem í gildi eru hverju sinni til kaupanda.

### 9. Afhending

9.1. Sá afhendingartími sem gefinn er upp í staðfestingu á pöntun telst aðeins leiðbeinandi fyrir BAUHAUS, nema aðilarnir geri skriflegan samning um annað.

9.2. Hafi verið samið sérstaklega um tiltekinn afhendingartíma hefur BAUHAUS rétt á að framlengja afhendingartímann vegna eftirfarandi orsaka:

- a) óviðráðanlegra orsaka.
- b) tafa sem verða hjá birgjum, flutningsaðilum eða öðrum þriðju aðilum sem eiga samstarf við BAUHAUS.
- c) óvenjulegra veðurskilyrða eða loftslagsaðstæðna.
- d) vinnudeilna, óháð orsökum þeirra.
- e) opinberra tilmæla eða hafta sem BAUHAUS gat ekki séð fyrir þegar samningurinn var gerður.

9.3. Ef aðilar hafa samið um afhendingu á heimilisfang kaupanda eða annan stað sem kaupandi hefur tilgreint skal BAUHAUS afhenda vöruna eins nærri notkunarstað og hægt er, að mati vörubílstjóra eða ökumanns, án þess að valda umferðartöfum eða skemmdum á ökutækinu eða nánasta umhverfi þess.

9.4. Kaupandi er skyldugur til að hafa til reiðu nægilegan mannafla til affermingar.

9.5. Svo framarlega sem kaupandi uppfyllir ekki skyldurnar sem tilgreindar eru í lið 9.4 hefur BAUHAUS rétt á, en ber ekki skylda til, að framkvæma afhendingu vörunnar frá seljanda á afhendingarstaðnum, óháð því hvort fulltrúi kaupanda er á staðnum eða ekki.

9.6. Ábyrgð á tapi vörunnar eða tjóni á henni færast yfir á kaupanda við afhendingu. Fylgiseðill eða akstursseðill flutningsaðila skal teljast sönnun á afhendingu.

9.7. Hugsanlega verður kaupanda gert að greiða kostnað vegna þess biðtíma sem kann að verða í tengslum við affermingu á heimilisfangi kaupanda eða á öðrum stað sem kaupandi gaf upp. Enn fremur ber kaupanda að greiða þann kostnað sem kann að áskapast ef kaupandi getur ekki veitt vörunum viðtöku á umsömdum afhendingartíma.

### 10. Kvörtun vegna seinkunar og ábyrgð á henni

10.1. Kaupanda ber að leggja fram skriflega kvörtun tafarlaust þegar seinkun á afhendingu á sér stað, enda fyrirgerir kaupandi að öðrum kosti öllum rétti til kvartana.

10.2. Ef minni háttar seinkun á sér stað mun BAUHAUS sjá til þess að varan verði afhent á öðrum, umsömdum tíma.

10.3. Ef veruleg seinkun á sér stað af hálfu BAUHAUS á kaupandi rétt á að afturkalla kaupin. Ef samið hefur verið um margar afhendingar í röð á kaupandi þó aðeins rétt á að afturkalla kaupin að því er varðar þá afhendingu sem seinkaði.

10.4. Kaupandi á ekki rétt á neins konar bótum eða greiðslum í tengslum við seinkun á afhendingu vöru frá BAUHAUS. Þessi skilmáli á við hvort sem kaupandi afturkallar eða stendur við kaupin.

### 11. Rannsóknarskylda og kvartanir

11.1. Kaupandi skal þegar við afhendingu eða viðtöku, og ævinlega áður en varan er tekin í notkun, notuð sem byggingarefni eða við innbyggingu, yfirfara afhenta vöru til að ganga úr skugga um að rétt vara hafi verið afhent og að hún sé gallalaus, þar á meðal að frávík í lit og áferð séu innan eðlilegra marka.

11.2. Kvartanir vegna galla, þar með talið frávika í magni sem kaupandi uppgötvar eða hefði átt að uppgötva í eftirlitsferlinu sem lýst er í lið 11.1., skal kaupandi leggja fram til BAUHAUS þegar í stað og í allra síðasta lagi átta dögum eftir afhendingu vörunnar til kaupanda. Að þeim tíma liðnum verða kvartanir ekki teknar til greina.

11.3. Ef vart verður við annars konar galla skal kaupandi leggja fram kvörtun þegar í stað eftir að kaupandi uppgötvar eða hefði átt að uppgötva gallann.

### 12. Kvörtunarréttur vegna byggingarefnis

12.1. Ábyrgð BAUHAUS á göllum á byggingarefni fellur úr gildi fimm árum eftir afhendingu á þeirri byggingu sem byggingarefnið var notað við. Við afhendingu á lager eða til endursölu fellur ábyrgðin þó úr gildi í síðasta lagi sex árum eftir afhendingu til kaupanda. Kaupandi á þó rétt til að kvarta til BAUHAUS vegna annarra galla á byggingarefninu þegar í stað eftir að kaupandi ætti að hafa uppgötvað gallana.

## Almennir sölu- og afhendingarskilmálar BAUHAUS vegna afhendingar á vörum og byggingarefni til viðskiptavina fyrirtækjaþjónustu og einstaklinga (gilda frá 1.12.2019).

### 13. Ábyrgð á göllum á söluvörinni

13.1. Hafi kvörtun verið lögð fram tímanlega, í samræmi við lið 11.2. eða lið 12, ber BAUHAUS að bregðast við kvörtuninni eða afhenda nýja vöru, að geðþótta BAUHAUS.

13.2. Bregðist BAUHAUS ekki við kvörtun með bótum eða afhendingu nýrrar vöru, í samræmi við lið 13.1., innan viðunandi tíma eftir að kaupandi leggur fram kvörtun í samræmi við lið 11 eða lið 12 hefur kaupandi rétt á að afturkalla samninginn með skriflegri tilkynningu til BAUHAUS, að því er varðar þann hluta sendingarinnar sem reyndist gallaður.

13.3. BAUHAUS tekur enga ábyrgð á göllum eða vanrækslu á afhendingu skiptavöru. Þetta á við um hvers konar tjón sem galli eða vanræksla kann að valda, þar með talið rekstrartjón, vinnustundatap og annað fjárhagslegt tjón. Þessi takmörkun á ábyrgð BAUHAUS á ekki við ef BAUHAUS hefur sýnt af sér alvarlegt gáleysi.

13.4. Krafa kaupanda um bætur, endur afhendingu eða afturköllun kaupa fellur úr gildi, hafi vörurnar ekki verið geymdar eða notaðar með réttum og venjubundnum hætti og í samræmi við leiðbeiningar frá BAUHAUS og framleiðandanum/birgja.

13.5. BAUHAUS ber enga ábyrgð á tjóni sem orsakast af rangri og óviðeigandi notkun afhentra vara.

### 14. Vöruábyrgð

14.1. BAUHAUS er ábyrgt samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð að svo miklu leyti sem lögin leggur undantekningalaust ábyrgð á BAUHAUS og að ábyrgð BAUHAUS af þessum sökum sé ekki lagalega takmörkuð. BAUHAUS er enn fremur ábyrgt fyrir tjóni sem vörur afhentar af BAUHAUS hafa valdið, að því marki, að tjónaorsökinn er vegna vítaverðs gáleysis af hálfu BAUHAUS og að ábyrgð BAUHAUS hér sé ekki takmörkuð.

14.2. Ábyrgð BAUHAUS á tjóni á vörum takmarkast, að því er varðar tjón á vörum til notkunar í atvinnuskyni, við að hámarki 462.500.000,00 auk vsk.

14.3. Reynist BAUHAUS ábyrgt fyrir vörutjóni, í samræmi við liði 14.1. og 14.2., og tjónið á vörunni má einnig rekja til gáleysis af hálfu kaupanda, skal ábyrgðin falla á báða aðilana, í réttu hlutfalli við sannreynda sekt.

14.4. Ef gerð er ábyrgðarkrafa á hendur BAUHAUS vegna vörutjóns í tengslum við athafnir þriðja aðila ber kaupanda skylda til að fría BAUHAUS þeirri ábyrgð sem ella hefði fallið á BAUHAUS og sem er víðtækari en ábyrgð BAUHAUS samkvæmt framangreindum ákvæðum. Kaupandi skuldbindur sig til að sæta lögsókn/kæru við sama dómstól/gerðardóm og tekur fyrir bótakröfur gegn BAUHAUS frá þriðju aðilum í tengslum við vörur sem BAUHAUS afhendir þriðja aðila gegnum kaupanda.

14.5. BAUHAUS bætir aldrei rekstrartjón, tap á hagnaði eða annað óbeint tjón.

### 15. Almennar takmarkanir á ábyrgð og flutningi í kröfugerð gegn birgjum BAUHAUS

15.1. Ábyrgð BAUHAUS getur ekki – óháð því hvort um sannað gáleysi reynist vera að ræða – tekið til dagsekta, rekstrartjóns, taps á hagnaði, tímataps eða annars óbeins tjóns, hvort sem ábyrgðin grundvallast á almennum reglum um bætur eða á öðrum forsendum.

15.2. Ef birgi BAUHAUS eða annar þriðji aðili er ábyrgur gagnvart BAUHAUS fyrir seinkunum eða göllum mun BAUHAUS leggja sig fram um að tryggja kaupanda brautargengi í kröfu BAUHAUS gegn birgja eða þriðja aðila.

### 16. Ágreiningsmál

16.1. Rísi ágreiningur milli aðilanna skal leyst úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Öll ágreiningsmál skal leysa með tilvísun til þessara almennu sölu- og afhendingarskilmála sem og í samræmi við íslenskar réttarreglur.

### 17. Yfirlýsing um gagnavernd

BAUHAUS fer eftir almennri tilskipun ESB um gagnavernd (tilskipun um gagnavernd) sem gildir frá 25. Maí 2018 ásamt gildandi íslenskri löggjöf.

Þú getur hvenær sem er lesið og prentað út yfirlýsingu um gagnavernd á heimasíðu okkar, [www.bauhaus.is](http://www.bauhaus.is).

### 18. Gildistaka

18.1. Þessir almennu sölu- og afhendingarskilmálar taka gildi 1. nóvember 2016 og koma í stað fyrri skilmála frá 31. desember 2015 og skulu gilda fyrir allar mótteknar pantanir frá og með þeirri dagsetningu.

Endurskoðað 1. desember 2019 - JMO.

## Þjónustuskilmálar viðskiptavina í fyrirtækjapjónustu (gilda frá 1.12.2019).

### 1. Notkun fyrirtækiskorts

1.1. Fyrirtækiskort í fyrirtækjapjónustu BAUHAUS eru aðeins gefin út fyrir viðskiptavinum frá fyrirtækjum, en þar er átt við virðisaukaskattskráð og opinber fyrirtæki. Kortið má aðeins nota við innkaup á vörum til notkunar hjá fyrirtæki.

1.2. Kortið virkar í meginatriðum eins og reiðufjárreikningur sem hægt er að sækja um greiðsluheimild fyrir.

1.4. Aðeins korthafi má nota kortið. Korthafi getur sótt um fleiri en eitt kort fyrir sama reikninginn.

1.5 Til tryggingar gegn misnotkun samþykkjum við að aðeins að efnislega kortið verði sýnt við skráningu/greiðslu á reikningnum. Mynd af kortinu og hinar ýmsu þjónustur smáforrita eru ekki samþykktar.

### 2. Notkunarskilmálar fyrirtækiskortsins

2.1. Kortið er persónulegt kort og það ber að geyma með öruggum hætti.

2.2. Korthafi er ábyrgur fyrir því að tilkynna BAUHAUS um það ef kortið týnist og/eða grunur leikur á að það hafi verið misnotað.

2.3. Reikningseigandi er ábyrgur fyrir öllum kortum sem gefin eru út á reikninginn og ber um leið bótaábyrgð vegna misnotkunar.

2.4. Reikningseiganda ber skylda til að upplýsa um allar breytingar á gögnum er varða fyrirtækið, þar með talið breytingar á kennitölu og opinberum fyrirtækiskóða.

2.5. BAUHAUS getur hvenær sem er lokað bæði kortinu og reikningnum, svo fremi sem ekki er staðið við skilmálana og/eða upplýst er um reikningseiganda sem myndi, ef stofnaður væri nýr reikningur, fá afsvar við umsókn um slíkan reikning.

2.6. Reikningseigandi getur hvenær sem er sagt samningnum upp og innleyst þá innistæðu sem vera kann á kortinu, með tilvísun í gildandi skilmála.

2.7. Skilyrði fyrir veitingu afsláttar er að finna undir lið 8.1. Upplýsingar um önnur fríðindi má nálgast í vöruhúsi BAUHAUS eða á [www.bauhaus.is](http://www.bauhaus.is).

2.8. Skilmálarnir fyrir fyrirtækiskort í fyrirtækjapjónustu BAUHAUS eru endurnýjaðir sjálfkrafa á 12 mánaða fresti. BAUHAUS hefur á hverjum tíma rétt til að breyta þessum skilyrðum með 30 daga fyrirvara.

2.9. Kreditreikningur er reikningsfærður daglega miðað við gildandi greiðsluskilmála. Reikningsfærslur eru gerðar með tölvupósti eða gegnum EAN. Reikningsfært er fyrir hver kaup.

2.10. Innborganir eru dregnar frá útstandandi skuldum í rétttri dagsetningaröð.

2.12. Kvartanir er varða reikninga og reikningsyfirlit skal leggja fram innan átta daga frá viðtöku.

2.13 Fyrirtækiskort í fyrirtækjapjónustu má aldrei nota samhliða öðrum greiðslumáta sem felur í sér afslátt, þar með talið klúbbakortum, greiðslukortum, öðrum greiðsluleiðum í snjalltækjum o.þ.h.

### 3. Kostnaður við fyrirtækiskort

3.1. Það er gjaldfrjálst að stofna fyrirtækiskort í fyrirtækjapjónustunni okkar.

3.2. Óski viðskiptavinar að fá reikninga og reikningsyfirlit send með bréfpósti er innheimt umsýslugjald sem nemur 740,- auk vsk.

3.3. Fari svo að ekki sé staðið við greiðslusamning falla gjöld og vextir á í samræmi við gildandi gjalda- og innheimtuskilmála. BAUHAUS getur hvenær sem er breytt þessum skilmálum.

3.4. BAUHAUS innheimtir sendingarkostnað vegna afhendingar á vörum. Leitið upplýsinga hjá fyrirtækjapjónustunni fyrir afhendingu á vörum.

3.5. Viðbótarkostnaður vegna umbúða, heimsendingarkostnaðar, meðhöndlunar, flutnings o.fl. er ýmist innheimtur sem greiðsla í reiðufé eða skuldfærður á reikning korthafa með kreditreikning.

### 4. Kreditreikningur

4.1. Til að sækja um kreditreikning skal skila inn fullnægjandi reikningsumsókn þar sem fram koma allar nauðsynlegar fyrirtækis- og tengiliðaupplýsingar. Umsóknir um lánsreikning eru teknar til umfjöllunar hver fyrir sig.

4.2. Stærð lánsheimildar er ákvörðuð á grundvelli veltu fyrirtækisins og annarra skráningarupplýsinga. Ef ekki er unnt að leggja fram upplýsingar um veltu er hægt að bjóða lánsheimild á grundvelli bankaábyrgðar. Ekkert þak er á lánsheimildum fyrir opinber fyrirtæki.

4.3. BAUHAUS áskilur sér rétt á að hafa stöðugt eftirlit með öllum upplýsingum um reikningseiganda, m.a. gegnum banka, lánstraustsfyrirtæki og aðra aðgengilega gagnagrunna.

4.4. BAUHAUS áskilur sér rétt á að hafna umsókn um lánstraust, án frekari skýringa.

4.5. Gildandi greiðsluskilmálar fyrir fyrirtækisreikning með sannreynt lánstraust í fyrirtækjapjónustu gilda fyrir yfirstandandi mánuði, + 30 daga.

### 5. Persónulegar upplýsingar

5.1. Allar reikningsupplýsingar eru geymdar í fimm ár eftir að reikningi er lokað.



## Þjónustuskilmálar viðskiptavina í fyrirtækjþjónustu (gilda frá 1.12.2019).

5.2. Ef ekki er staðið við greiðslusamning er upplýsingum reikningseiganda komið í hendur láns- og innheimtufyrirtækis.

5.3. BAUHAUS getur framselt útlagðan kostnað og tengd réttindi gagnvart reikningseiganda í hendur þriðja aðila.

5.4. Allar upplýsingar í tengslum við vörukaup og notkun þjónustu eru geymdar og kunna að verða notaðar til að senda tengt efni og upplýsingar, gegnum fréttabréf og þá miðla sem kunna að verða beittir síðar.

5.5. Skráðar upplýsingar verða aðeins birtar öðrum vegna notkunar í innheimtuskyni.

5.6. Engar tengiliða- eða reikningsupplýsingar verða láttnar í té þriðja aðila til notkunar við ytri markaðssetningu eða annað á móta.

### 6. Lokun og enduropnun reiknings

6.1. Ef óskað er eftir að korti verði lokað skal hafa samband við BAUHAUS. Ef þú vilt láta loka reikningnum þarf að leggja fram skriflega beiðni um það hjá innheimtudeild á netfangið debitor@bauhaus.dk.

6.2. Hafi reikningi verið lokað vegna vangoldinnar greiðslu er hægt að láta opna hann aftur þegar útstandandi skuldir hafa verið gerðar upp. Til að opna kortið þarf að leggja fram persónulega beiðni um það hjá innheimtudeild BAUHAUS.

6.3. Hafi kortinu verið lokað með öllu þarf að leggja inn nýja umsókn með öllum nauðsynlegum upplýsingum.

### 7. Verðvernd og vöruábyrgð

7.1. Öllum fyrirtækjaviðskiptavinum sem eru með reikning hjá BAUHAUS er tryggt verðvernd með verðjöfnun.

Verðjöfnun Við bjóðum ævinlega sama verð og er auglýst verð samkeppnisaðila okkar og munum, ef þörf krefur, jafna muninn á verðinu hjá þeim og hjá okkur. Þú þarft aðeins að sýna okkur gildandi auglýsingu um verðið áður en þú verslar hjá okkur. Ef málið varðar skriflegt tilboð frá samkeppnisaðila eða -aðilum tekur verðvernd þá aðeins gildi að upprunalegt tilboð með öllum skilmálum sé lagt fram og því aðeins að verðjöfnunin taki til allra vara í tilboðinu (tilboðinu í heild).

Verðvernd Ef þú hefur keypt vöru hjá okkur og sérð innan 14 daga frá kaupnum sambærilega eða sömu vöru auglýsta á lægra verði hjá samkeppnisaðila færum við okkar verð niður að því verði og greiðum þér út mismuninn. Þarft aðeins að sýna okkur gildandi auglýsingu um verðið sem og sönnun fyrir kaupum þínum, hvar kaupin áttu sér stað og kaupdagur sé ekki eldri en 14 dagar. Skrifleg eða munnleg tilboð frá samkeppnisaðila eru ekki tekin gild sem gögn.

Skilyrði Verðjöfnun og verðvernd eiga aðeins við um lagervörur af vörulista. Á ekki við um vörur sem þarf að sérpanta, beina vörusölu eða fyrir samkeppnisaðila sem eru með fyrirtæki sem aðeins eru starfrækt á netinu. Við mat á verðjöfnun og verðvernd er tekið mið af gildandi verði hjá okkur, að frádregnum öllum afslætti o.þ.h.

Allar greiðslur eru gerðar með eignfærslu á reikning korthafa. Þær eru ekki greiddar út í reiðufé.

7.2. Vöruábyrgð sem BAUHAUS og framleiðendur okkar gefa út eru í gildi svo fremi sem þær gilda einnig, af hálfu framleiðanda, sem ábyrgð sem fyrir fyrirtæki í reikningi og vegna notkunar í atvinnuskyni. Ef spurningar vakna skal hafa samband við fyrirtækjþjónustudeild verslunarinnar áður en kaupin eru gerð.

### 8. Afsláttur og eignfærsla

8.1. Þegar fyrirtækisreikningur er stofnaður í fyrirtækjþjónustu fylgir honum 10% fastur afsláttur. Sá afsláttur tekur gildi þegar verslað hefur verið, á 12 mánaða tímabili eftir að reikningur var stofnaður, fyrir 600.000 með vsk. Þegar þeirri upphæð hefur verið náð verður bakfærður 10% afsláttur á reikninginn sem gilda skal fyrir allar vörur sem hafa verið keyptar á tímabilinu á venjulegu verði og án sérstakra eða óvenjulegra afsláttarkjara. Afslátturinn á við um allar vörur – einnig tilboðsvörur úr bæklingi. Svo framarlega sem kaup upp að lágmarki 600.000 með vsk gerist ekki samtíða á 12 mánaða tímabili frá því að reikningurinn var stofnaður getur BAUHAUS, hvenær sem er, breytt umsömdum afsláttarkjörum með 30 daga fyrirvara.

8.2. Fastur grunnafsláttur upp á 10% er aðeins veittur fyrir vörur og efni. Afsláttinn er ekki hægt að draga frá vegna þjónustu, eins og gjafakort, o.fl.

8.3. Við vöruskil er eignfært á reikninginn. Ekki er heimilt að greiða út reiðufé. Við kaup með reiðufé er hægt að bakfæra á það kreditkort sem verið er að greiða með. Ef óskað er eftir greiðslu af reikningi er hægt að leggja fram beiðni um millifærslu á eigin bankareikning hjá innheimtudeild BAUHAUS.

8.4. Í öllum tilvikum þegar skila á vöru eða leggja fram kvörtun vegna vöru er vísað til gildandi sölu- og viðskiptaskilmála fyrir fyrirtæki í reikningi hjá fyrirtækjþjónustu. Ekki er hægt að mótreikna eða eignfæra á reikning reikningseiganda nema það hafi verið samþykkt í verslun BAUHAUS.

8.5. BAUHAUS áskilur sér eignarrétt á seldum vörum, óháð því hvort afhending hefur farið fram, þar til allt kaupverðið og vextir og/eða þjónustugjöld sem kunna að vera lögð á hafa verið greidd að fullu.

### 9. Breytingar á reikningsskilmálum

9.1. BAUHAUS áskilur sér rétt til að breyta ofangreindum reikningsskilmálum með 30 daga fyrirvara.

9.2. Tilkynningar um breytingar eru sendar til reikningseiganda gegnum það netfang tengiliðar sem viðskiptavinurinn gefur upp. Ef reikningseigandi heldur áfram að nota kortið í kjölfar slíkrar tilkynningar er litið á það sem samþykki fyrir breytingunum.

9.3. Telji reikningseigandi breytingarnar ekki viðunandi getur hann rift samningnum og greitt þá upphæð sem kann að vera útstandandi, með tilvísun til liðar 4.5.

Þjónustuskilmálar viðskiptavina í fyrirtækjaþjónustu (gilda frá 1.12.2019).

#### **10. Samskipti við BAUHAUS**

10.1. Fyrirspurnum varðandi reikning, reikningsyfirlit/reikninga og aðra samningsþætti skal fyrst beina til Fyrirtækjaþjónustu BAUHAUS. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir til innheimtudeildar BAUHAUS með tölvupósti á netfangið [debitor@bauhaus.dk](mailto:debitor@bauhaus.dk). Mundu að hafa viðskiptavinarnúmerið ævinlega við höndina.

#### **11. Yfirlýsing um gagnavernd**

11.1. BAUHAUS fer eftir almennri tilskipun ESB um gagnavernd (tilskipun um gagnavernd) sem gildir frá 25. Maí 2018 ásamt gildandi íslenskri löggjöf.

Þú getur hvenær sem er lesið og prentað út yfirlýsingu um gagnavernd á heimasíðu okkar, [www.bauhaus.is](http://www.bauhaus.is).

#### **12. Gildistaka skilmálanna**

12.1. Þessir reikningsskilmálar taka gildi 1. desember 2019 og koma í stað fyrri skilmála, frá 31. desember 2015.

Endurskoðað 1. desember 2019 – JMO.